

hvaða dag það hafi verið. Skál stefnda þá ennfremur um það spurð, hvort hún hafi hitt áfrýjanda á dansskemmtun þessari og hvort nokkuð hafi þá farið þeim á milli.

4. Ennfremur skal héraðsdómarinn afla gestabókar Hjálpræðishersins í Reykjavík, sýna stefndu, hvaða dag áfrýjandi hafði þar herbergi á leigu, og krefja hana nánari skýrslna í því sambandi.

5. Héraðsdómarinn á að afla upplýsinga þeirra, er að framan greinir, svo fljótt sem verða má, og annarra þeirra skýrslna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að eiga hlut að því, að aflað verði, svo fljótt sem unnt er, sakargagna þeirra, er að framan getur, og að fengnar verði aðrar þær skýrslur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til, að útvegaðar verði.

Föstudaginn 14. júní 1940.

Nr. 96/1939. **Kristján Jónsson og Sigurveig**

Kristjánsdóttir

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Guðmundi Guðmundssyni

(Pétur Magnússon).

Umferðarréttur um lóð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Sigurði Egg-
erz, bæjarfógeta á Akureyri, og meðdómsmönnum

hans Friðriki Magnússyni lögfræðingi og Jóni Guðmundssyni trésmíðameistara.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. september 1939, krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Árið 1911 byggði Zóphónías Baldvinsson, sem þá átti húsið Norðurgötu 2, geymsluhús það, sem í máli þessu greinir. Stendur það að rúmum helmingi á lóðinni Norðurgötu 4. Að dyrum geymsluhúss þessa á vesturstafni og að opi á austurstafni er nauðsynleg för um lóðina Norðurgötu 4 fram með stöfnunum geymsluhússins. Það er ágreiningslaust í málinu, að áfrýjandi Sigurveig, sem var einkaeigandi lóðarinnar Norðurgötu 4 til ársins 1932, tók við gjaldi úr hendi eiganda Norðurgötu 2 fyrir greind afnot lóðar Norðurgötu 4 og jákvæddi þessum afnotum því í verki. Samáfrýjanda hennar, Kristjáni, sem fluttist 1924 í húsið Norðurgötu 4, hlaut að vera það ljóst, þegar hann 1932 keypti suðurhelming húss þessa, að eiganda hússins Norðurgötu 2 hafði verið heimiluð nauðsynleg umferð vegna geymsluhússins um lóð Norðurgötu 4, enda hefir Kristján viðurkennt þetta að nokkru með því að girða ekki alveg í lóðamörkum við dyrnar á vesturstafni geymsluhússins og ætla eiganda þess þar afnot örtilillar ræmu af lóð Norðurgötu 4. Nú hefir það verið borið fyrir af hendi áfrýjanda hér í dómi, að réttur stefnda til nefndrar umferðar um lóð Norðurgötu 4 sé niður fallinn vegna vanskila á gjaldi fyrir þessi afnot. Þessari varnarástæðu, sem ekki var

hreyft í héraði, verður hér ekki gegn mótmælum stefnda gaumur gefinn.

Samkvæmt framanskráðu þykir bera að dæma áfrýjendur, að viðlögðum 5 króna dagsektum á hendur hvoru þeirra, til að veita stefnda innan viku frá birtingu dómsins frjálsan aðgang að nefndu geymsluhúsi um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með vesturstafni þess að viðbyggðum skúr að norðan og um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með austurstafni þess, einn metra norður fyrir opið á þeim stafni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Kristján Jónsson og Sigurveig Kristjánsdóttir, skulu, að viðlögðum 5 króna dagsektum á hendur hvoru þeirra, veita stefnda, Guðmundi Guðmundssyni, innan viku frá birtingu dóms þessa, frjálsan aðgang að ofangreindu geymsluhúsi um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með vesturstafni þess, að viðbyggðum skúr að norðan, og um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með austurstafni þess, einn metra norður fyrir opið á þeim stafni.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 23. júní 1939.

Mál þetta hefir höfðað aðalstefnandinn, Guðmundur Guðmundsson, Norðurgötu 2, Akureyri, fyrir bæjarþingi

Akureyrar með stefnu, dags. 15. apríl 1939, gegn aðalstefndum, verkamanni Kristjáni Jónssyni, Norðurgötu 4, Akureyri, og húskonu Sigurveigu Kristjánsdóttur, Akureyri, til þess að fá þau dæmd in solidum að viðlögðum dagsektum, er rétturinn tiltekur, til að rífa niður girðingu þá, sem stefndur Kristján Jónsson setti niður á síðasta sumri milli húseignanna Norðurgötu 2 og Norðurgötu 4 á Akureyri, og sömuleiðis til að þola, að stefnandinn og einnig þeir, sem síðar kunna að eignast nefnt (svo) geymsluhús, megi ávallt hafa frjálsan og óhindraðan aðgang að því með bifreiðar, vagna eða önnur slík ökutæki yfir lóð tilheyrandi Norðurgötu 4 á Akureyri.

Girðingin sé rifin niður á þann hátt, að frjáls og óhindraður aðgangur sé að geymsluhúsi nefnds Guðmundar á 5 álna svæði meðfram geymsluhúsinu að vestan og á 5 álna svæði meðfram því að austan norður á mótis við norðurhlið geymsluhússins. Þessi lóðarspilda takist af lóð tilheyrandi Norðurgötu 4.

Aðalstefndur (svo) mótmælir því, að girðingin sé rifin niður, og annar hinna aðalstefndu, Sigurveig Kristjánsdóttir, krefst, að hún verði sýknuð af þeirri ástæðu, að hún sé eigi lengur aðili málsins, þar sem búið sé að skipta lóðinni.

Báðir stefndu krefjast og málskostnaðar. Þá hefur Björn Halldórsson lögfræðingur fyrir hönd aðalstefndu, Sigurveigar Kristjánsdóttur og Kristjáns Jónssonar, höfðað gagnsök gegn aðalstefnandanum, Guðmundi Guðmundssyni, til þess að fá hann dæmdan að viðlögðum dagsektum að fylla upp með múr í gluggaop að austan og dyr og glugga að vestan á geymsluhúsinu milli húsa þeirra, svo húsið sé í samræmi við byggingarsamþykkt Akureyrar og rétt þeirra sem eiganda lóðarinnar og húss Norðurgötu 4.

Þessum kröfum er mótmælt af hálfu aðalstefnanda, enda því haldið fram, að greindir gluggar og op séu löglega settir.

Bæði gagnstefnandinn og gagnstefndu krefjast málskostnaðar.

Að því er aðalmálið snertir, liggur fyrir á réttarskj. 7 yfirlýsing frá Sigurveigu Kristjánsdóttur, sem var eigandi alls hússins, þegar greint geymsluhús var byggt, að hún hafi veitt óafturkallanlegt leyfi til þess, að geymsluhús það, sem stendur að hálfu á lóð tilheyrandi Norðurgötu 2 og að hálfu á lóð tilheyrandi Norðurgötu 4, mætti standa þar

áfram ásamt heimild til að hafa frjálsan og óhindraðan aðgang að því með bil eða vagna yfir lóðina Norðurgötu 4, að dyrum geymsluhússins að austan og vestan meðfram stöfnum þess.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu er vottorð frá fyrrverandi eigendum hússins Norðurg. 2, Zóphóníasi Baldvinsyni og Sigurði Sigurðssyni, sem að vísu er mótmælt.

Sigurveig Kristjánsdóttir, aðalstefnd í þessu máli, hefir á síðara stigi málsins haldið því fram, að hún hafi verið nörruð til að gefa yfirlýsinguna á réttarskj. 7, en að þessu eru engar líkur færðar, og verður því að telja afturkall hennar á yfirlýsingunni á réttarskjali 7 markleysu.

Rétturinn lítur svo á, að umferðarkvöð hafi skapazt fyrir eiganda Norurgötu 2 yfir lóð Norðurgötu 4, þannig að þeir ættu frjálsan óhindraðan aðgang með ökutæki að stöfnum umgetins húss, og telur rétturinn, að þessari kvöð sé fullnægt með því, að frjáls aðgangur sé að geymsluhúsinu á 5 álna breiðu svæði meðfram stafni þess að vestan, er takmarkast af viðbyggðum skúr að norðan, og á 5 álna breiðu svæði með því að austan, þannig að girðingin, sem nú er, færist á því svæði til norðurs um $4\frac{1}{2}$ alin.

Sýknukrafa fyrir hönd aðalstefndu Sigurveigar Kristjánsdóttur verður ekki byggð á staðhæfingu hennar, að lóðinni sé nú skipt, þar sem lóðin var ekki skipt, þegar stefnt var í málinu, og auk þess liggur fyrir yfirlýsing á réttarskjali 20 frá byggingarfulltrúa Halldóri Halldórssyni, sem bendir á, að hinni byggðu lóð hafi ekki verið skipt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnandanum málskostnað, og þar sem mótmælin gegn upphæð málskostnaðarins þykja ekki byggð á rökum, ber að ákveða málskostnaðinn kr. 207.80 aur.

Að því er gagnsökina snertir, þá heyrir hún ekki undir þenna rétt, þar sem kært er fyrir lögreglubrot, og ber því að vísa gagnsökinni frá réttinum ex officio.

Gagnstefnendurnir greiði málskostnað til gagnstefnda í gagnsökinni með kr. 50.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndu í aðmálinu, verkamaður Kristján Jónsson og húskona Sigurveig Kristjánsdóttir, bæði á Akureyri, skulu að viðlögðum dagsektum, kr. 5.00 á dag,

rífa niður girðingu þá, sem aðalstefndur Kristján Jónsson setti niður á síðasta sumri milli húseignanna Norðurgötu 2 og Norðurgötu 4, þannig að frjáls aðgangur sé að geymsluhúsinu á 5 álna breiðu svæði meðfram stafni þess að vestan, er takmarkast við viðbyggðan skúr að norðan, og á 5 álna svæði meðfram stafni þess að austan, þannig að girðingin, sem nú er, færist á því svæði til norðurs um $4\frac{1}{2}$ alin.

Aðalstefndu greiði í málskostnað aðalstefnanda in solidum kr. 207.80 aur. í aðalmálinu.

Gagnsökinni visað frá réttinum ex officio.

Gagnstefnandinn, Björn Halldórsson lögfræðingur fyrir hönd Sigurveigar Kristjánsdóttur og Kristjáns Jónssonar, greiði gagnstefndum, Guðmundi Guðmundssyni, í málskostnað í gagnsökinni kr. 50.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. júní 1940.

Kærumálið nr. 4/1940. Þorleifur Th. Sigurðsson
gegn
Sveini M. Ólafssyni

Um fjárhæð þingvottagjalds í einkamáli. Hafning máls í héraði úr gildi felld.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefir kveðið upp Björn lögmaður Þórðarson.

Í máli þessu kærir kærandi úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur þann 29. f. m., og bærust skjölin hingað 3. þ. m. Hvorki stefndi né héraðsdómarrinn hafa sent hæstarétti greinargerð um málið. Kærandi hefir krafizt þess í greinargerð sinni 31. f. m., að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að